



Alþingi
Erindi nr. P/133/527
komudagur 4.12.2006



Samtök iðnaðarins

Nefndarsvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 1. desember 2006

Efni: Tillaga til þingsályktunar um úttekt á hækkun raforkuverðs, 5. mál.

Samtök iðnaðarins, SI, og Landssamband bakameistara, LABAK, hafa fengið til umsagnar ofangreinda þingsályktunartillögu. Samtökin styðja að gerð verði úttekt á breytingum á raforkuverði sem urðu í kjölfar breytinga á raforkumarkaði í upphafi árs 2005.

Samtök iðnaðarins hafa vakið athygli á að ýmis fyrirtæki innan samtakanna fundu fyrir hækkunum á raforkuverði í ársbyrjun 2005. Þetta voru fyrirtæki í ólíkum greinum, s.s í matvælavinnslu, plastframleiðslu, málmsteypu og prenti. Ástæðan var að svokallaðir rofnir taxtar, tímaháðir taxtar og ótrygg orka hækkuðu til muna eða féllu úr verðskrá. Landssamband bakameistara ályktaði um málið í mars síðastliðnum eins og fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni.

Umsagnaraðilar vilja vekja athygli á að Ríkisstjórn Íslands hefur í tvígang gripið til sérstakra aðgerða vegna hækkana á orkuverði í kjölfar breytinga á raforkulögum. Í bæði skiptin beindust afmarkaðar aðgerðir að tilteknum greinum, garðyrkju- og fiskeldisfyrirtækjum, sbr. tillögur ríkisstjórnarinnar um aðgerðir vegna erfiðleika í rekstri fiskeldisfyrirtækja frá apríl síðastliðnum og greiðslur til garðyrkjubænda vegna hækkanna í febrúar 2005. Með aðgerðum ríkisstjórnarinnar er viðurkennt að raforkuverð til atvinnustarfsemi er hátt og að umræddar hækkanir komu hart niður á mörgum fyrirtækjum. Einnig er viðurkennt að ekki er hægt að ná verðinu niður aftur með samningum við orkufyrirtæki. Með þessum aðgerðum viðurkennir ríkisstjórnin að fyrirtækjum sé vandi á höndum. Því telja umsagnaraðilar rétt að skoða hvar hækkanir komu þyngst niður. Bent er á að skoða þarf leiðir til úrbóta sem gagnast öllum atvinnugreinum og til framtíðar.

Umsagnaraðilar telja vandann í hnotskurn felast í því að núverandi gjaldskrár eru bundnar að miklu leyti og lítill sveigjanleiki gefst til að bjóða betri kjör. Verðlagning er fjórskipt; orka, flutningur, dreifing og sala. Flutningur og dreifing eru ekki í samkeppni og raunin er sú að auk þess er lítil sem engin samkeppni í orkusölu því að Landsvirkjun er eini aðilinn sem selur orku í heildsölu og stýrir því verðlagningu. Þannig er í raun einungis sölupátturinn í samkeppni og hann er, eftir því sem næst verður komist, einungis um 2 -10 % af heildarverði. Það er því ekki eftir miklu að slægjast og svigrúm til verðsamkeppni lítið. Athygli vekur að engin ný fyrirtæki



hafa haslað sér völl í orkusölu þó að samtökunum sé kunnugt að þó nokkrir aðilar hafi skoðað þann möguleika. Enn ráða gömlu dreifiveiturnar sölubættinum á markaði. Í ljósi þess er mikilvægt að tryggja aðskilnað sérleyfis- og samkeppnisstarfsemi til að ekki færist kostnaður milli þessara þátta og tryggja þarf eftirlit með því að ekki færist kostnaður milli samkeppnispáttar og sérleyfishluta.

SI og LABAK styðja því þá tillögu að gera úttekt á breytingum á raforkuverði en benda á að einnig er þörf á að gera úttekt á samkeppnismálum á orkumarkaði.

Samtök iðnaðarins,

Landssamband bakameistara,

Bryndís Skúladóttir

Reynir Carl Þorleifsson